

Bæjarráð - 3522, innanhústillkynning um afgreiðslu máls

Til : Lúðvík Geirsson
Frá : Auður Þorkelsdóttir
Heiti : Bæjarráð - 3522, innanhústillkynning um afgreiðslu máls
Málsnúmer : 1906133
Málsaðili : Jón Ingi Hákonarson
Skráð dags : 24.06.2019 08:28:00
Höfundur : Auður Þorkelsdóttir

Á fundi bæjarráðs þ. 20.júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

1906133 - Hvassahraun,flugvöllur,uppbygging,efnahagsleg áhrif á Hafnarfjarðarbæ

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þ. 12.júní sl. að vísa málinu til bæjarráðs.

Fulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu.

*Úttekt: Efnahagsleg áhrif uppbyggingar flugvallar í Hvassahrauni á Hafnarfjarðarbæ
Lagt er til að Hafnarfjarðarbær ráði aðila til þess að leggja mat á þau hagrænu tækifæri
Hafnarfjarðarbæjar af mögulegri uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni.*

Annars vegar væri skoðaðar líklegar sviðsmyndir af auknum útsvarstekjum bæjarins og hinsvegar tekjur af lóðasölu vegna meiri ásóknar í samgöngutengdum atvinnulóðir í bænum. Úttektin skal miða við fjórar sviðsmyndir: A) ábata af nýjum kennslu og æfingavelli B) ábata af nýrri miðstöð fyrir innanlandsflug og C) ábata af nýjum alhliða alþjóðaflugvelli. D) ábata af nýjum alhliða alþjóðaflugvelli og stórskipahafnar að Óttarstöðum.

Bæjarstjóra falið að taka saman gögn og leita upplýsinga um kannanir og úttektir sem gerðar hafa verið og eru í vinnslu af hálfu ríkisins og annarra aðila á fýsileika flugvallar í Hvassahrauni.

Bæjarráð vísar skoðun á nýrri stórskipahöfn í landi Óttarstaða til hafnarstjórnar.

Kv. Auður